

Verkefni - sparnaðaráætlun



Nafn:

Aldur: 16 ára.

Skóli:

Vinna með skóla:

Laun, eftir skatt: 80.000kr.

Fastur kostnaður á mánuði:

- Áskrift í ræktina: 5.470 kr.

Markmið: _____

Strákurinn ykkar er í 10. bekk, æfir handbolta fimm sinnum í viku og fer einnig reglulega í ræktina. Hann vinnur meðfram skólanum til að geta notið lífsins og fær sér t.d. oft skyndibita með félögunum eftir æfingu og stekkur oft út í búð á skólatíma til að kaupa sér eitthvað gott. Hann flutti nýlega úr sínu gamla hverfi og þarf því að ferðast mikið með strætó. Foreldrar hans greiða æfingagjöldin fyrir handboltanum en sjálfur greiðir hann fyrir strætókort þar sem hann neitaði að fara í skóla í nýja hverfinu.

Hann hefur sett sér markmið sem hann þarf að safna fyrir, en það er erfitt að safna peningum þegar freistingarnar eru víða. Til að ná markmiðinu þarf hann að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði. Hann á 200.000 kr. inn á framtíðarreikningi sem eru lausar til úttektar þegar hann verður 18 ára.

Klippið út rammann hér til hliðar og límið á stóru örkina.

Ákveðið nafn á strákinn ykkar, í hvaða skóla hann er og hvar hann vinnur.

Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hann vill safna.

Stillið upp sparnaðaráætlun á örkina sem hann getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hann þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hann á mikið eftir mánaðarlega þegar hann hefur greitt fastan kostnað.
- Hvað hann eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Að tuttugu miðar í strætó kosta 2.900 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 19.900 kr.
- Hversu mikið hann getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði/ár þar til markmiðinu er náð.

1. Hvað tekur það hann marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

2. Þarf hann að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu?

Ef svo er, hverju breytir hann?

Verkefni - sparnaðaráætlun



Nafn:

Aldur: 17 ára.

Skóli:

Vinna með skóla:

Laun, eftir skatt: 80.000 kr.

Fastur kostnaður á mánuði:

- Tryggingar á bíl: 10.000 kr.

Markmið: _____

Stelpan ykkar er á öðru ári í framhaldsskóla og býr í Breiðholti. Hún á gamlan smábíl sem hún fékk frá foreldrum sínum á 17 ára afmælinu og greiðir sjálf fyrir bíltryggingu og bensín. Henni finnst dálítið dýrt að reka bílinn auk þess sem hún óttast að bíllinn fari bráðlega að bila og að þá eigi hún ekki fyrir viðgerð. Hún æfir badminton 4 sinnum í viku sem foreldrar hennar greiða fyrir. Hún fer í keppnisferðir einu sinni á ári sem hún borgar sjálf. Henni finnst fátt skemmtilegra en að kaupa föt.

Hún hefur sett sér markmið sem hún þarf að safna fyrir. Til að ná því ætlar hún að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði þar til markmiði er náð.

Klippað út rammann hér til hliðar og límið á stóru örkina.

Ákveðið nafn á stelpuna ykkar, í hvaða skóla hún er og hvar hún vinnur.

Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hún vill safna.

Stillið upp sparnaðaráætlun á örkina sem hún getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hún þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hún á mikið eftir þegar hún hefur greitt fastan kostnað.
- Hversu miklu hún eyðir í mat, bensín og aðrar nauðsynjar.
- Að tuttugu miðar í strætó kosta 2.900 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 19.900 kr.
- Að meðalkostnaður á bensíni er um það bil 20.000 kr. á mánuði.
- Hversu mikið hún getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði.

1. Hvað tekur það hana marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

2. Þarf hún að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu?

Ef svo er, hverju breytir hún?

Verkefni – sparnaðaráætlun



Nafn:

Aldur: 16 ára.

Skóli:

Markmið: _____

Engin laun

Kostnaður á mánuði:

- Skyndibiti og önnur afþreying

Stelpa þú er í 10. bekk, elskar tölvuleiki og hefur eytt miklum peningum í þá síðustu árin. Hún er mikill áhugamaður um myndlist og væri alveg til í námskeið sem kostar allt að 90.000 kr á ári en þar sem hún er ekki í vinnu hefur hún ekki efni á því.

Flestir vinir hennar vinna eitthvað með skólanum en hún ákvað að gera það ekki og hefur 200.000 kr. sem eftir eru af sumarlauninum til að nota yfir vetrarmánuðina (9 mánuði). Hún er hins vegar alltaf blönk og getur leyft sér lítið og væri alveg til í að skoða einhverja vinnu sem gefur henni um 50 – 60.000 kr. á mánuði eftir skatt.

Hún hefur sett sér markmið sem hún vill byrja að safna fyrir.

Til að ná því þarf hún að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði þar til markmiðinu er náð.

Klippið út rammann hér til hliðar og límið á stóru örkina.

Ákveðið nafn á stelpuna þú og í hvaða skóla hún er.

Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hún vill safna.

Stillið upp sparnaðaráætlun á örkina sem hún getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Hafið eftirfarandi í huga:

- Upphæð sem hún þarf að safna fyrir til að ná markmiði sínu.
- Hvað hún eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Hvernig hún getur safnað upp sparnaði þegar hún er ekki í vinnu. Hvað getur hún gert?
- Hversu mikið hún getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði eða ár.

1. Hvað tekur það hana marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

2. Þarf hún að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu?

Ef svo er, hverju breytir hún?

Verkefni - sparnaðaráætlun



Nafn:

Aldur: 17 ára.

Skóli:

Atvinna:

Laun, eftir skatt: 80.000 kr.

Fastur kostnaður á mánuði:

- Trygging á bíl: 12.000 kr.
- Áskrift að bíórásunum: 5.190 kr.

Markmið: _____

Strákurinn ykkar er í námi, er með algjöra bíladellu og finnst fátt skemmtilegra en að hjálpa frænda sínum á verkstæðinu við að gera upp gamla bíla. Hann var svo heppinn í fyrra að eignast gamlan ónothæfan bíl sem hann og frændi gerðu upp saman. Hann fer oft á rúntinn með kærustuna en finnst leiðinlegt hvað bíllinn eyðir miklu bensíni. Hann er með aðra dellu sem eru sjónvarpsseríur en hann elskar að slaka á með kærustunni og horfa á marga þætti í einu. Foreldrar hans vilja helst að hann eyði tímanum í eitthvað uppbyggilegra og láta hann greiða sjálfan fyrir auka áskrift.

Hann hefur sett sér markmið sem hann vill byrja að safna fyrir.

Til að ná því þarf hann að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði þar til markmiðinu er náð.

Klippið út rammann hér til hliðar og límið á stóru örkina.

Ákveðið nafn á strákinn ykkar, í hvaða skóla hann er og hvar hann vinnur.

Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hann vill safna.

Stillið upp sparnaðaráætlun á örkina sem hann getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hann þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hann á mikið eftir þegar hann hefur greitt fastan kostnað.
- Hvað hann eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Að meðalkostnaður á bensíni er 15 – 20.000 kr. á mánuði.
- Að tuttugu miðar í strætó kosta 2.900 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 19.900 kr.
- Hversu mikið hann getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði þar til markmiðinu er náð.

1. Hvað tekur það hann marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

2. Þarf hann að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu?

Ef svo er, hverju breytir hann?